



Til: Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
Frá:HBS

24.05.2017

1705182

3.52.1

## Fyrirspurn: Tímalína um lokun brautar 06/24 á Reykjavíkflugvelli

**Svar:** Ákveðið var að upphafspunktur yrði árið 2005. Tímalínan tekur mið af samþykktum, samningum, bréfum og skýrslum sem liggja fyrir um málið en ekki viðtölum, ályktunum eða öðrum slíkum gögnum.

**11.febrúar 2005** Reykjavíkurborg og samgönguráðherra gera samkomulag um að 06/24 brautinni verði lokað í síðasta lagi í lok árs 2005. Stofnuð verði samráðsnefnd samgönguráðuneytis og Reykjavíkurborgar skoð framtíð Reykjavíkflugvallar.

**4.maí 2007** Skýrsla samráðsnefndar samgönguráðuneytis og Reykjavíkurborgar kemur út „Reykjavíkflugvöllur – úttekt á framtíðarstaðsetningu“. Þar er gert ráð fyrir að 06/24 brautinni verði lokað það ár.

**7.ágúst 2009** Skipulagsreglur um Reykjavíkflugvöll settar af samgönguráðherra. Reykjavíkurborg gerir athugasemdir við reglurnar og leggur til að gildistöku sé frestað þar til endurskoðun aðal- og deiliskipulags svæðisins hefur átt sér stað.

**29.desember 2010** Endurskoðað deiliskipulag fyrir Hlíðarenda tekur gildi.

**1.mars 2013** Samningur undirritaður milli íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar þar sem borgin kaupir landsvæði í Vatnsmýri af ríkinu og skuldbindur sig til að gera deiliskipulag fyrir heildarsvæðið gegn því að ríkið gefi út afsal þegar tilkynning samgönguráðuneytis um lokun 06/24 hefur tekið gildi gagnvart öllu flugi.

**19.apríl 2013** Innanríkisráðherra og Reykjavíkurborg undirrita samning um nýja flugstöð fyrir innanlandsflug við Reykjavíkflugvöll. Samhliða yrði flugbraut 06/24 aflögð og sú ákvörðun auglýst af innanríkisráðuneyti. Reykjavíkurborg skuli auglýsa deiliskipulag fyrir nýja flugstöð.

**4.júní 2013** Borgarstjórn samþykkir að setja nýtt aðalskipulag borgarinnar í auglýsingu. Í því er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúða í Vatnsmýri.

**25.október 2013** Innanríkisráðherra og Reykjavíkurborg undirrita viðaukasamning um að innanríkisráðuneyti tilkynni lokun brautarinnar fyrir árslok 2013. Einnig var í samningnum ákvæði um að endurskoða skipulagsreglur fyrir Reykjavíkflugvöll frá 2009 þessu til samræmis.



Til: Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur

Frá:HBS

**25.október 2013** Samkomulag um innanlandsflug milli Icelandair Group, ríkisins og Reykjavíkurborgar undirritað þar sem samþykkt er að verkefnisstjórn kanni aðra möguleika fyrir innanlandsflug og skili skýrslu fyrir árslok 2014. Ragna Árnadóttir fer fyrir verkefnisstjórninni.

**26.nóvember 2013** Borgarstjórn samþykkir aðalskipulag Reykjavíkurborgar.

**23.desember 2013** Ný deiliskipulagstillaga Reykjavíkurlugvallar auglýst þar sem gert er ráð fyrir að flugbraut 06/24 verði þegar lokað, æfinga-, kennslu- og einkaflug lagt af 2015, norður-suðurbraut lokað 2022 og öll flugvallarstarfsemi lögð af 2024.

**23.desember 2013** Reykjavíkurborg sendir innanríkisráðherra bréf þar sem óskað er eftir því að tilkynnt verði um lokun 06/24 brautarinnar samkvæmt samningi þar um.

**30.desember 2013** Innanríkisráðherra óskar eftir því við Isavia að hafinn verði undirbúningur vegna fyrirhugaðar lokunar flugbrautar 06/24, þ.m.t. áhættumat.

**28.janúar 2014** Skipulagsstofnun hafnar staðfestingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar nema settur sé inn fyrirvari um uppbyggingu íbúða í Vatnsmýri.

**11.júlí 2014** Borgarstjóri fundar með innanríkisráðherra og ítrekar að gefin sé út tilkynning um lokun brautarinnar.

**2.desember 2014** Breyting á deiliskipulagi fyrir Hlíðarenda samþykkt í borgarstjórn. Uppbygging á svæðinu að hluta til háð því að 06/24 brautin verði lögð niður.

**18.desember 2014** Skipulagsstofnun afgreiðir deiliskipulag vegna Hlíðarenda án athugasemda.

**2.febrúar 2015** Borgarstjóri fundar með innanríkisráðherra og ítrekar að gefin sé út tilkynning um lokun brautarinnar.

**10.apríl 2015** Reykjavíkurborg gefur út framkvæmdaleyfi vegna vegafamkvæmda á Hlíðarenda.

**17.apríl 2015** Innanríkisráðherra tilkynnir Reykjavíkurborg að braut 06/24 verði ekki lokað fyrr en verkefnisstjórn um könnun á flugvallarkostum hafi lokið störfum og gerðar eru athugasemdir við útgefið framkvæmdaleyfi á svæðinu.

**4.júní 2015** Isavia skilar innanríkisráðherra áhættumatsskýrslu sinni. Með skýrslunni fylgir bréf Samgöngustofu þar sem segir að stofnunin geri ekki athugasemdir við niðurstöður Isavia um að áhættan við lokunina sé þolanleg og staðfestir áhættumatið. Samgöngustofa telur þó að



Til: Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
Frá:HBS

verði tekin ákvörðun um lokun brautarinnar þurfi að gera sérstakt áhættumat um framkvæmd breytingarinnar þar sem skoða þurfi fleiri atriði sem snerta áhrif lokunarinnar.

**25.júní 2015** Verkefnisstjórn undir stjórn Rögnu Árnadóttur skilar niðurstöðum um framtíðarkosti fyrir innanlandsflug.

**7.júlí 2015** Borgarstjóri ritar innanríkisráðherra bréf þar sem farið er yfir þróun mála síðustu tvö ár og fer fram á að tilkynnt sé um lokun brautar 06/24 og að hafin verði endurskoðun á skipulagsreglum Reykjavíkurflugvallar samkvæmt samningum ríkis og borgar þar um.

**27.október 2015** Bygging fyrsta áfanga íbúabyggðar á Hlíðarendasvæðinu hefst formlega.

**30.október 2015** Borgarstjóri ítrekar í bréfi til innanríkisráðuneytis mikilvægi þess að ríkið standi við gerða samninga vegna uppbyggingar á Hlíðarenda.

**6.nóvember 2015** Samgöngustofa hafnar því að reistir verði byggingakranar á Hlíðarenda vegna flugöryggis.

**19. nóvember 2015** Svar innanríkisráðherra við bréfi borgarstjóra frá 30.október kynnt í borgarráði. Í því tilkynnir innanríkisráðherra ákvörðun sína um að hafna kröfu Reykjavíkurborgar um að tilkynna lokun flugbrautar 06/24. Reykjavíkurborg ákveður að höfða mál gegn ríkinu.

**14.janúar 2016** Héraðsdómur Reykjavíkur vísar máli Reykjavíkurborgar gegn ríkinu frá. Borgin unir úrskurðinum og hyggst höfða nýtt mál.

**22.mars 2016** Héraðsdómur Reykjavíkur telur að innanríkisráðherra hafi skuldbundið sig gagnvart Reykjavíkurborg til þess að loka flugbraut 06/24 og fellst kröfu Reykjavíkurborgar um að loka flugbrautinni og ráðherra gert að breyta skipulagi flugvallarins til samræmis við það. Áfrýjað til Hæstaréttar.

**9.júní 2016** Dómur Hæstaréttar staðfestir að farið skyldi að samkomulagi ríkisins og Reykjavíkurborgar um lokun flugbrautar 06/24 fyrir 29.september 2016.

**13.júní 2016** Deiliskipulag fyrir Reykjavíkurflugvöll tekur gildi. Í því er gert ráð fyrir að á reitnum Þorragata 10-14 sé flugstöð, fraktþjónusta og bílastæði og þannig er hægt er að sækja um byggingarleyfi fyrir nýja flugstöð.

**30.júní 2016** Innanríkisráðherra felur Isavia að ganga frá lokun flugbrautar 06/24 þannig að „...framkvæmdin samræmist lögum og verklagi sem um lokunina gilda.“



Til: Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur

Frá:HBS

**30.júní 2016** Framkvæmdastjóri innanlandsflugvallasviðs Isavia staðfestir í samtali við [visi.is](http://visi.is) að Notam-skeyti um að brautinni hafi verið lokað hafi farið út í vikunni 20.-24.júní 2016. Brautin verði ekki brotin upp eða fjarlægð en gert sé ráð fyrir framkvæmdum sem hindri notkun strax á árinu 2017.

**Byrjun júlí 2016** Samgöngustofa tilkynnir Isavia að afturkalla þurfi skeyti um lokun og birta upplýsingar um tímabundna lokun því samþykki Samgöngustofu um lokun liggi ekki fyrir.

**15.júlí 2016** Isavia sendir áhættumat á framkvæmd lokunar til Samgöngustofu.

**19.ágúst 2016** Kaupsamningur og afsal landsvæðis í Skerjafirði kynnt í borgarráði. Þar kemur fram að ríkissjóður selur Reykjavíkurborg 108 þúsund fermetra landsvæðið sem var undir braut 06/24. Kaupverð er 440 milljónir króna en viðbótargreiðslur koma til þegar lóðir verða seldar.

**28.ágúst 2016** Samgöngustofa óskar eftir upplýsingum og uppfærðu áhættumati Isavia.

**30.ágúst 2016** Innanríkisráðherra sendir borgarstjóra minnisblað þar sem tekið er fram að þó fallist hafi verið á lokun 06/24 brautarinnar í kjölfar dóms Hæstaréttar, hafi ekki verið tekin afstaða til framtíðar flugvallarins í Vatnsmýri og óraunhæft að ætla að norður/suður brautinni verði lokað árið 2022. Lagt til að ríki og borg hefji formlegar viðræður um framtíð flugvallarins.

**10.október 2016** Isavia greinir Samgöngustofu bréflega frá ráðstöfunum sem tekið var til í kjölfar bréfs Samgöngustofu frá 28. ágúst.

**19.október 2016** Samgöngustofa ítrekar við Isavia að uppfæra áhættumat og að ekki sé nægjanlegt að eigandi (ríkið) taki ákvörðun um lokun heldur þurfi starfsleyfishafi (Isavia) leyfi Samgöngustofu fyrir lokuninni.

**2. nóvember 2016** Isavia sækir um breytingu á flugbrautarkerfi Reykjavíkurlugvallar til Samgöngustofu.

**24.mars 2017** Samgöngustofa ítrekar við Isavia beiðni frá 19. október um uppfærslu áhættumats.

**21. maí 2017** Samgöngustofa og Isavia funda um framvindu verkefnisins um lokun brautarinnar.